

128

Auglýsing

um breyting á vitanum á Reykjanesi.

Hinn 1. ágúst 1897 verður hinum hvíta fastavita á Reykjanesi breytt í hvítan blossavita, er sýnir tvíþlossa á hverri hálfri mínútu: blossa um 1 s., myrkur um 4 s., blossa um 1 s., myrkur um 24 s. Sjónarlengd: 19 kml. Ljós magn 19 kml. Ljóskróna (linseapparat) 4. stigs. Hæð logans er hin sama sem áður og vitinn er látinn lýsa á sömu tímum sem áður. Vitinn er sýndur í hinum núverandi vitaturni 63° 48',4 n. br., 22° 41',4 v.lgd.

Reykjavík, 30. júlí 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

129

Auglýsing

um breyting á vitum við Faxaflóa og tendrun þeirra.

Hinn 1. september 1897 verða tendraðir eptirnefndir vitar við Faxaflóa. Breytingar á þeim eru teknar hjer fram:

1. *Skagatdarviti.* Hinum hvíta fastavita á Skagatá er breytt í eldingavita, er sýnir elding 5. hverja sekúndu. Hæð logans 50' yfir sjávarflöt. Sjónarlengd 11,5 kml. Ljós magn 17' kml. Ljóskróna 6. stigs. Vitinn er sýndur á 47' háum ferstrendum turni, og látinn loga á sömu tímum sem áður (frá 1. ágúst til 15. maí). Lega 64° 04', 6 n. br. 22° 40',0 v.lgd.
2. *Gróttuviti,* þar er áður var Gróttuvarðan, er hornviti, er sýnir grænt fastaljós frá s. 25v. til s. 67v., hvítt fastaljós frá s. 67v. um vestur og norður til n. 37 a., rautt fastaljós frá n. 37 a. til s. 79a. og grænt fastaljós frá s. 79a. til s. 66a. Hæð logans 37' yfir sjávarflöt. Sjónarlengd: 10,5 kml. fyrir hið hvíta ljós. Ljós magn hins hvíta ljóss 12 kml., hins rauða ljóss 8½ kml., hins græna ljóss 7 kml. Ljóskróna 4. stigs. Vitinn er sýndur frá 36' háum ferstrendum turni. Kveikt er á vitanum frá 1. ágúst til 15. maí. Lega 64° 09', 7 n. br. 21° 59',0 v.lgd.
3. *Reykjavíkurviti,* 800 áln. n. 42 a. frá Skólavörðu, er hornviti, er sýnir rautt ljós með myrkvum frá n. 36,5 v. til n. 31v., grænt ljós með myrkvum frá n. 31v. til n. 18v., hvítt ljós með myrkvum frá n. 18v. til n. 10v. og rautt ljós með myrkvum frá n. 10v. til n. 1 v. 2 sekúnda myrkvi hvern fjórðung mínútu. Hæð logans 43' yfir sjávarflöt. Sjónarlengd 11 kml. fyrir hvíta og rauða ljósið. Ljós magn hins hvíta ljóss 15 kml., hins rauða 11½ kml. og hins græna ljóss 9 kml. Spegla króna 4. stigs. Vitinn er sýndur í gaffi hvítrar timburbyggingar. Kveikt er á vitanum frá 1. ágúst til 15. maí. Lega 64° 08', 5 n. br., 21° 52', 6 v.lgd.

Skipum er hjer með harðlega bannað að kasta akkerum í horni hins hvíta ljóss Reykjavíkurvitans.

Samtímis eru lagðir niður vitarnir á Engey.

Reykjavík, 17. ágúst 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.